

markað beinlínis við Jesús einan. Fyrir hann hafa þær haldið fram fullkomnum skyldleik og sambandi hins guðdómlega og hins mannlega, en þær hafa stjórnað svo mjög af efablöndnu vantrausti á manneðlinu, að þær hafa neitað því að menn getu alment staðið í samskonar sambandi við guð og Jesús. Og jafnvel viðvíkjandi honum var sama vantraustið ríkjandi, svo að manndómur hans var skoðaður sem algjörlega hverfandi í guðdómnum. Eg vil benda á að alstaðar á meðal mótmælenda í trúarbragðaheiminum fer nú fram söguleg gagnrýn endurskoðun á kenninga kerfunum, og að þessi atar þýðingarmikla sögulega rannsókn er að leiða í ljós þann sannleik, að Jesús var ekki gerður að guði vegna trúarlegra hugsjóna eða vísindalegrar grannskoðunar á eðli hans sjálfs, heldur vegna blandaðra sögulegra tilhneiginga. Kenningin um guðdóm hans hefir þar ekkert óháð og varanlegt gildi, heldur að eins þýðingu, sem stendur í sambandi við sögulega viðburði, og sem hlýtur að hverfa um leið og kringumstaður þær, er hún hófst og hefir viðhaldið undir, hverfa. Trúarleg sannfæring getur ekki haldið áfram að grundvallast á því, sem er sögnlega öðru háð og undir tilviljun komið, og trúarbrögð nútímans eru þess vegna farin að kannast við, að hið innra eðli kristindómsins felist ekki í hugmyndunum um náttúru Krists, sem svo lengi hefir verið gert að aðalatriðum í kristnum trúarbrögðum. Einu sinni gerði rómverska keisaraveldið sameiginlega afneitun þrenningarkenningarinnar að útleðarsök; nú er alvanalegt á meðal mótmælenda, að kenning þessi sé annaðhvort varin með afsökunum, eða þá alls ekki á hana minnst. Eg skal nú fara yfir helztu atriðin í sögu þessarar kenningar.

Af sögunni er það ljóst, að í kringum árið 200 var skoðunin, sem nú er kölluð „orþodoxía“ að eins fárra manna skoðun. Látum oss takmarka athuganir vorar við Róm að eins. Þar keptu þrjár skoðanir hver við aðra. Í fyrsta lagi var þar einlægur og vel upplýstur flokkur kristinna manna, sem blátt áfram skoðaði Jesús sem mann, sem hefði vald til að gera mikla hluti og kenna mikinn sannleik, sem væri gæddur sérstökum andlegum krafti frá guði. Heilagur andi var í þeirra augum